

## AFKOMA ÁRSINS 2014

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

#### Árslok 2014

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 22,8 ma. kr. árið 2014 samanborið við 23,1 ma. kr. árið 2013.
- Arðsemi eftir skatta var 12,8% á árinu samanborið við 14,7% árið 2013. Góð afkoma þrátt fyrir hækkun eigin fjár.
- Eiginfjárlutfall var áfram sterkt eða 29,6% (2013: 28,4%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 26,5% (2013: 25,1%)
- Hreinar vaxtatekjur voru 27,1 ma. kr. (2013: 28,4 ma. kr.), sem er lækkun um 4,7% milli ára. Vaxtamunur var 3,0% (2013: 3,4%) og hefur nú náð stigi sem búist er við að haldist til lengri tíma.
- Hreinar þóknatekjur voru 11,5 ma. kr. á árinu (2013: 10,4 ma. kr.). Hækkunin er 10% á milli ára og má að mestu leyti rekja til viðskiptabankasviðs og dótturfélaga bankans.
- Kostnaðarhlutfall var 57,7% (2013: 58,5%). Bankaskattur og einskíptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarhlutfalls.
- LPA hlutfall var 5,9% (2013: 8%) Þær eignir sem enn eru í endurskipulagningu eru hlutfallslega litlar og mun hver um sig hafa lítil áhrif á hlutfallið. Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 2,5% (2013: 4%).
- Heildareignir voru 911 ma. kr. (2013: 866 ma. kr.).

#### 4F14

- Hagnaður eftir skatta á 4. ársfjórðungi var 4,6 ma. kr. (4F13: 7,7 ma. kr.).
- Arðsemi eiginfjár var 9,9% á fjórðungnum (4F13: 19,5%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 6,5 ma. kr. (4F13: 6,5 ma. kr.).
- Hreinar þóknatekjur voru 3,0 ma. kr. (4F13: 2,8 ma. kr.) sem er 4% hækkun.

### Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Árið 2014 var gott ár í rekstri Íslandsbanka. Við höfum unnið markvisst að því að styrkja grunnreksturinn með kostnaðaraðhaldi og tekjuvexti. Hagræðingaraðgerðir hafa skilað árangri en kostnaður af reglulegri starfsemi lækkaði um 2% milli ára, sem er um 4% raunlækkun. Meðal aðgerða sem gripið hefur verið til eru sameiningar útibúa, endumýjun samninga við birgja auk þess sem starfsmönnum hefur fækkað um 240 frá nóvember 2011.


Góður árangur hefur náðst í að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans og er hann nú stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa hér á landi. Íslandsbanki gaf út, fyrstur íslenskra banka, skuldabréf í evrum og stækkaði einnig útgáfu sína í sænskum krónum.

Traust staða Íslandsbanka hefur vakið athygli erlendis en bæði Euromoney og The Banker völdu hann besta bankann á Íslandi. Þá var enginn hærrí á bankamarkaði en Íslandsbanki í Íslensku ánægjuvuginni. Þessi meðbyr hefur skilað sér í aukinni markaðshlutdeild bankans. Á árinu var mesti útlánavöxtur frá stofnun bankans en ný lán námu 165 milljörðum króna sem er um 80% aukning frá síðasta ári. Mestu verðmæti hvers fyrirtækis felast í ánægðum viðskiptavinum. Það er markmið okkar að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og við vinnum að því markmiði á hverjum degi.


#### Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Guðbjörg Birna Björnsdóttir, ir@islandsbanki.is og í síma: 440 4752
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma: 440 3678

### HAGNAÐUR EFTIR SKATTA m.kr.



### ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



HELSTU TÖLUR	31.12.14 ma. kr.	31.12.13 ma. kr.
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	911	866
Heildarútlán	670	599
Heildarinnlán	555	519
Eigið fé	185	167
Innlánahlutfall	83%	87%
Eiginfjárlutfall A (T1)	26,5%	25,1%
Eiginfjárlutfall	29,6%	28,4%
	2014	2013
Rekstrarreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	12,8%	14,7%
Arðsemi eigin fjár af realuleari starfsemi	8,4%	7,8%
Hagnaður eftir skatta	22,8	23,1
Hagnaður af reglulegri starfsemi	14,8	12,2
Kostnaðarhlutfall	57,7%	58,5%
Vaxtamunur	3,0%	3,4%

## REKSTRARREIKNINGUR


m.kr.	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	27.105	28.430	32.940
Hreinar þóknatekjur	11.483	10.433	9.459
Hreinar fjármunatekjur	1.568	4.612	1.517
Hreinn gengishagnaður (tap)	165	(2.423)	2.737
Aðrar rekstrartekjur	2.122	1.545	996
Rekstrartekjur samtals	42.443	42.597	47.649
Laun og launatengd gjöld	(13.307)	(13.361)	(13.080)
Annar rekstrarkostnaður	(9.594)	(12.190)	(11.509)
Stjórnunarkostnaður	(22.901)	(25.551)	(24.589)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	(425)
Iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(1.055)	(1.016)	(1.055)
Bankaskattur	(2.444)	(2.321)	(858)
Rekstrarkostnaður samtals	(26.400)	(28.888)	(26.927)
<b>Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána og krafna</b>	<b>16.043</b>	<b>13.709</b>	<b>20.722</b>
Virðisbreyting útlána og krafna	8.810	16.299	5.710
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>24.853</b>	<b>30.008</b>	<b>26.432</b>
Tekjuskattur	(6.239)	(7.866)	(6.253)
<b>Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>18.614</b>	<b>22.142</b>	<b>20.179</b>
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	4.136	927	3.239
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>22.750</b>	<b>23.069</b>	<b>23.418</b>

## TEKJUR

- *Heildar rekstrartekjur* voru 42,4 ma. kr. árið 2014 (4F14: 10,7 ma. kr.) samanborið við 42,6 ma. kr. árið 2013 (4F13: 11,1 ma. kr.).
- 91% af rekstrartekjum bankans árið 2014 eru í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunnrekstur og það markmið að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- *Hreinar vaxtatekjur* voru 27,1 ma. kr. á árinu (4F14: 6,5 ma. kr.) samanborið við 28,4 ma. kr. árið 2013 (4F13: 6,5 ma. kr.)
- *Vaxtamunur*, reiknaður sem hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu heildareigna, var 3,0% (4F14: 2,8%) samanborið við 3,4% á árinu 2013 (4F13: 3,1%). Vaxtamunur hefur náð jafnvægi eftir að hafa verið hlutfallslega hárfar á ýmsum ástæðum.
- Verðtryggingarójöfnuður var 57,5 ma. kr. við lok árs 2014 (2013: 6,4 ma. kr.). Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánum.
- *Hreinar þóknatekjur* voru 11,5 ma. kr. (4F14: 3,0 ma. kr.) samanborið við 10,4 ma. kr. árið 2013 (4F13: 2,8 ma. kr.). Þetta er 10% hækkun milli ára og má rekja hana að mestu leyti til viðskiptabankasviðs og dótturfélaga bankans.
- *Hreinn gengishagnaður* ársins 2014 var 165 m.kr. (4F14: 116 m.kr.), samanborið við 2,4 ma. kr. gengistap árið 2013 (4F13: -1,1 ma. kr.). Gjaldvísingaráhrif bankans, 26,6 ma. kr. í lok árs 2014 (2013: 23,7 ma.kr.), er stýrt innan vel skilgreindra marka og er nú um 12,9% af eigin fé.
- *Hreinar fjármunatekjur* sem að stærstum hluta eru vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum voru 1,6 ma. kr. á árinu (4F14: 0,6 ma. kr.) samanborið við 4,6 ma. kr. árið 2013 (4F13: 2,7 ma.kr.).
- *Aðrar rekstrartekjur*, einkum leigutekjur, tekjur vegna þjónustusamninga og aflagðrar starfsemi voru 2,1ma. kr. á árinu (4F14: 0,5 ma. kr.) samanborið við 1,5 ma. kr. 2013 (4F13: 0,1 ma. kr.).


## HREINAR VAXTATEKJUR

m.kr.



## HREINAR ÞÓKNATEKJUR

m.kr.



## REKSTRARREIKNINGUR FRH.

### KOSTNAÐUR

- *Rekstrarkostnaður samtals* var 26,4 ma. kr. á árinu 2014 (4F14: 7,2 ma. kr.) samanborið við 28,9 ma. kr. árið 2013 (4F13: 10,3 ma. kr.).
- Kostnaðarhlutfall var 57,7% (4F14: 62,6%), lítillega yfir langtíamarkmiði bankans um 55% kostnaðarhlutfall. Útreikningur kostnaðarhlutfallsins undanskilur bankaskatt og einskíptiskostnað.
- *Stjórnunarkostnaður* lækkaði um 10% milli ára og var 22,9 ma. kr. (4F14: 6,4 ma. kr.) samanborið við 25,6 ma. kr. árið 2013 (4F13: 7,9 ma. kr.) sem jafngildir 11,4% lækkun að teknu tilliti til verðbólgu. Þetta er í takti við áherslur bankans um að lækka kostnað og þau lykilverkefni er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu.
- *Laun og launatengd gjöld* voru 13,3 ma. kr. á árinu (4F14: 3,5 ma. kr.), sem er lækkun um 0,4% milli ára.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar, að undanskilinni aflagðri starfsemi, var 1.139 á árinu 2014 sem er 5,2% fækkun frá 2013.
- *Annar stjórnunarkostnaður* lækkaði um 21,3% milli ára, í 9,6 ma. kr. 2014 (4F14: 2,9 ma. kr.) úr 12,2 mö. kr. árið 2013 (4F13: 4,4 ma. kr.).
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 1,1 ma. kr. árið 2014 (4F14: 0,3 ma. kr.). Framlagið sveiflast með heildar innstæðum og lægri áhættuvigt vegna hækkunar á eigin fé bankans og lægra hlutfalls eigna í endurskipulagningu (LPA).
- *Virðisrýnun og virðisbreyting útlána og krafna* var 8,8 ma. kr. á árinu (4F14: 3,0 ma. kr.) samanborið við 16,3 ma. kr. árið 2013 (4F13: 7,9 ma. kr.).


### SKATTAR OG GJÖLD

- Skattheimta á fjármálafyrirtæki hefur aukist töluvert á undanförunum árum, m.a. með hinum tímabundna bankaskatti og álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- Tekjuskattur var 6,2 ma. kr. (4F14: 1,4 ma. kr.) samanborið við 7,9 ma. kr. 2013 (4F13: 2,5 ma. kr.), sem er 16,6% lækkun milli ára.
- *Bankaskattur* var 2,4 ma. kr. (4F14: 0,6 ma. kr.) samanborið við 2,3 ma. kr. árið 2013. Skatturinn reiknast sem 0,376% af heildarskuldum fyrra árs umfram 50 ma. kr.
- Fjársýsluskattur á laun sem er nú 5,5% en var 6,75% árið 2013, var 637 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 778 m.kr. 2013.
- Kostnaður vegna FME og umboðsmanns skuldara var 354 m.kr. 2014 samanborið við 448 m.kr. árið 2013.
- Skattar og gjöld greidd til ríkisins og annarra aðila námu samtals 10,7 mö. kr. árið 2014 samanborið við 12,4 ma. kr. árið 2013, sem er lækkun um 13,7% milli ára.


### HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI

- *Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta* var 4,1 ma. kr. (4F14: -0,4 ma. kr.) samanborið við 0,9 ma. kr. árið 2013 (4F13: 1,5 ma. kr.). Hagnaður ársins 2014 var einkum vegna sölu á dótturfélögum í óskyldum rekstri.
- Eignir í liðnum fastafjármunir og aflögð starfsemi í efnahagsreikningi voru 22 ma. kr. í árslok 2014 og hafa meira en helmingast frá árslokum 2013 (47 ma. kr.). Þetta er í takti við stefnu bankans um að selja eignir í óskyldum rekstri eftir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

### VAXTAMUNUR




### REKSTRARKOSTNAÐUR



### KOSTNAÐARHLUTFALL


(án bankaskatts og einskíptiskostnaðar)



### SKATTAR OGGJÖLD

	2014 m.kr.	2013 m.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjuskattur	6.239	7.866
Bankaskattur	2.444	2.321
Fjársýsluskattur	637	778
FME og umboðsmaður skuldara	354	448
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	1.055	1.016
<b>Samtals</b>	<b>10.729</b>	<b>12.429</b>

### SKIPTING REKSTRARTEKNA




## REKSTRARREIKNINGUR – frh.

### HAGNAÐUR

- Hagnaður eftir skatta var 22,8 ma. kr. (4F14: 4,6 ma. kr.), samanborið við 23,1 ma. kr. 2013 (4F13: 7,7 ma. kr.).
- Arðsemi eigin fjár var 12,8% á árinu 2014 (4F14: 9,9%) samanborið við 14,7% 2013 (4F13: 19,5%), sem er vel yfir langtímamarkmiði bankans um 12% arðsemi eigin fjár og góð afkoma þrátt fyrir hækkun eigin fjár.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 14,8 mö. kr. á árinu (4F14: 3,4 ma. kr.) sem er aukning um 2,7 ma. kr. frá 2013 (4F13: 2,3 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 8,4% á árinu 2014.

### HEILDAREIGNIR




## EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR, m.kr.	2014	2013	2012
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	103,389	111,779	85,500
Afleiðusamningar	1,810	843	127
Skuldabréf og skuldagerningar	87,347	75,186	64,035
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	10,531	9,208	10,445
Útlán til lánastofnana	35,072	44,078	54,043
Útlán til viðskiptavina	634,799	554,741	557,857
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	570	1,563	503
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,402	8,772	5,579
Óefnislegar eignir	619	299	261
Tekjuskattsinneign	521	1,275	864
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	21,649	47,106	39,046
Aðrar eignir	7,619	11,159	5,115
<b>Eignir samtals</b>	<b>911,328</b>	<b>866,009</b>	<b>823,375</b>

### EIGNIR


- Skuldabréf og skuldagerningar voru 87 ma. kr. við árslok 2014 og samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru hluti af lausafjársafni bankans.
- Hlutabréf og eiginfjárgerningar voru 11 ma. kr. við árslok, aukning frá fyrra ári sem voru 9 ma. kr. Aukningin er aðallega vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum.
- Lán til viðskiptavina voru 635 ma. kr. (2013: 555 ma. kr.), sem er 14% aukning. Ný útlán námu 165 mö. kr.
- Endurskipulagningu lánasafnsins lauk á árinu.
- Gæði eignasafns héldu áfram að aukast en hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA) var 5,9% við árslok 2014 samanborið við 8% 2013. Þau mál sem enn er ólokið eru smá og munu hvert um sig hafa lítil áhrif á hlutfallið.
- Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 2,5% (2013: 4,0%).
- Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi lækkuðu í 22 ma. kr. (2013: 47 ma. kr.), sem er 54% lækkan.
- Heildareignir voru 911 ma. kr. samanborið við 866 ma. kr. í árslok 2013.

### LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA)



### ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

%, eftir geirum 31,12,2014



## EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	2014	2013	2012
Afleiðusamningar og skortstöður	3.963	11.176	18.435
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	25.796	29.689	38.272
Innlán viðskiptavina	529.447	489.331	471.156
Lántaka	96.889	89.193	66.571
Víkjandi lán	21.306	21.890	23.450
Skattskuldir	8.388	10.826	2.072
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	2.790	9.456	6.805
Aðrar skuldir	37.262	37.130	48.954
<b>Skuldir samtals</b>	<b>725.841</b>	<b>698.691</b>	<b>675.715</b>
Eigið fé samtals	185.487	167.318	147.660
<b>Heildarskuldir og eigið fé</b>	<b>911.328</b>	<b>866.009</b>	<b>823.375</b>

### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* jukust í 529 ma. kr., samanborið við 489 ma. kr. í árslok 2013. Hlutfall innlána á móti útlánunum var 82,9% (2013: 86,7%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánunum til viðskiptavina var 83,4% (2013: 88,2%).
- *Lántaka* nam 97 mö kr. (2013: 89 ma. kr.), sem er 7,7% lækkun milli ára. Þar af voru sértryggð skuldabréf 32,1 ma. kr. og skuldabréf 4,9 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 21 ma. kr. en um er að ræða Tier 2 bréf að fjárhæð 138 m evra sem er á gjaldþaga árið 2019.
- *Heildarskuldir* voru 726 ma. kr. (2013: 699 ma. kr.) sem er 3,9% hækkun milli ára.
- *Eigið fé* bankans var 185 ma. kr. (2013: 167 ma. kr.) sem er 11% hækkun milli ára.
- Eiginfjárlutfall bankans er áfram sterkt og stóð í 29,6% (2013 28,4%), þar af var eiginfjárlutfall A (Core Tier 1) 26,5% (2013: 25,1%)


### INNLANAHLUTFALL %



### FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Basel III lausafjárlutfall bankans (LCR) var 130% í árslok 2014, en samkvæmt lausafjárreglum Seðlabanka skal hlutfallið ekki vera lægra en 70% og krafan hækkar í skrefum upp í 100% árið 2017.
- Fyrstu evruútgáfu bankans lauk í maí með útgáfu tveggja ára skuldabréfs að fjárhæð 100 m. evra. Þessi útgáfa kom í kjölfar vel heppnaðra útgáfa í sænskum krónum í desember 2013 og mars 2014. Bankinn gaf síðan út 300 m. sænskar krónur í febrúar 2015.
- Skuldabréfin voru gefin út undir USD 750m GMTN útgáfuramma og eru skráð í írsku kauphöllinni.
- Kjörin halda áfram að batna. SEK útgáfan í desember 2013 var gefin út með 400 punkta álagi yfir 3ja mánaða Stibor en nýjasta útgáfan var gefin út með 310 punkta álagi.
- S&P staðfesti áhættumat bankans BB+/B og breytti horfum úr stöðugum í jákvæðar í október 2014.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi og er stefna bankans að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Bankinn gefur einnig reglulega út skammtíma vaxla.
- Kvaðir á eignum bankans eru hlutfallslega lágar. Veðsettar eignir voru 10,6% af heildareignum samanborið við 12,2% í árslok 2013.

### EIGINFJÁRLUTFÖLL %



### FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- Þögult tímabil: 3 – 13 maí 2015
- 1F15 – 13 maí 2015
- 2F15 – 25 ágúst 2015
- 3Q15 – 12 nóvember 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á

[www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl](http://www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl)